

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 251/2017

2019/EES/80/43

frá 15. desember 2017

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (Um afnám tæknilegra hindrana í  
viðskiptum með vín)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1353 frá 19. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 að því er varðar vínþrúguyrki og samheiti þeirra sem mega koma fram á merkimiðum á vínnum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 607/2009) í I. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32017 R 1353:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1353 frá 19. maí 2017 (Stjttð. ESB L 190, 21.7.2017, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1353, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 190, 21.7. 2017, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.